

**70. fundur framkvæmda- og veitunefndar haldinn í Aratungu, Reykholti,  
mánudaginn 20. október 2025, kl. 11:00.**

**Fundinn sátu:**

Stefanía Hákonardóttir (í fjarfundarbúnaði), Helgi Kjartansson, Jón Forni Snæbjörnsson  
boðaði forföll en fundinn sótti Axel Sæland í hans stað, Benedikt Skúlason og Kristófer  
Arnfrjörð Tómasson.

Stefanía sótti fundinn í gegnum Teams.

**Fundargerð ritaði:** Kristófer A. Tómasson, sviðsstjóri

**1. Virkjun borholu á Laugarvatni - 2503035**

Verðkönnun vegna hönnunar

*Lögð fram gögn til grundvallar verðkönnunar. Veitustjóri kynnti gögnin.*

*Framkvæmda- og veitunefnd samþykkir að ráðist verði í verðkönnun vegna hönnunar  
dælustöðvar á Laugarvatni.*

**2. Nýtingarleyfi fyrir borholu RH-07 - 2502031**

Fyrirspurn um matsskyldu vegna nýtingar borholu í Reykholti.

*Gögn vegna matsskyldufyrirspurnar voru lögð fram. Fyrirspurnin hefur verið send  
Skipulagsstofnun.*

**3. Kaup Fontana á köldu vatni - 2506043**

Vatnsveita Laugarvatni, rennslismælingar, safntankur

*Veitustjóri fór yfir stöðu mála. Mælingar á vatnsrennsli hafa staðið yfir. Kannað hefur verið  
framboð og verð á safntönkum. Lögð er áhersla á að forsvarsfólk Fontana gefi upp hversu  
mikil vatnspörf þeirra er og hverjar sveiflur í vatnspörf eru innan sólarhrings.*

**4. Útboð sundlaugar í Reykholti - 2505017**

Verkfundargerðir:

1. fundur haldinn 25.09.2025

2. fundur haldinn 09.10.2025

*Verkfundargerðir voru lagðar fram.*

**5. Endurnýjun fráveitu á Laugarvatni 4. áfangi – 2412005**

4. verkfundur haldinn 17.09.2025

5. verkfundur haldinn 15.10.2025

*Verfundargerðir voru lagðar fram.*

**6. Myndavélakerfi við mannvirki sveitarfélagsins - 2510029**

Tilboð í myndavélakerfi

*Tilboðið var lagt fram. Framkvæmda- og veitunefnd leggur til við sveitarstjórn að gert verði ráð fyrir kostnaði við verkið í fjárhagsáætlun næsta árs.*

**7. Eftirlitsskýrslur Vinnueftirlitsins 2025 - 2510028**

Skýrsla Vinnueftirlitsins vegna leikskólans Álfaborgar

*Skýrslan, sem snýr að úttekt vegna hljóðvistar var lögð fram. Úttektin var gerð þar sem leikskólinn hefur verið tilnefndur til viðurkenningar á sviði hljóðvistar.*

**8. Skólavegur viðhald - 2510030**

Tilboð í viðhald á Skólavegi

*Talsverðar skemmdir eru í vegöxlum á hluta Skólavegar og hefur verið aflað tilboðs í lagfæringar. Framkvæmda- og veitunefnd leggur til við sveitarstjórn að tilboði í lagfæringar verði tekið og að gert verði ráð fyrir kostnaði í viðauka við fjárhagsáætlun.*

Fundi slitið kl. 11:53

---

Stefanía Hákonardóttir

---

Helgi Kjartansson

---

Axel Sæland

---

Benedikt Skúlason

---

Kristófer Arnfjörð Tómasson